

Aðalfundur Félags heyrnarlausra 17. september 2020, haldinn í húsnæði Félags heyrnarlausra, Þverholti 14, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins samkvæmt lögum Félags heyrnarlausra er eftirfarandi:

Hefðbundin aðalfundarstörf

a. Formaður félagsins setur fundinn

Formaður félagsins, Heiðdís Dögg Eiríksdóttir setur fundinn kl 17:03 með kynningu á helstu málefnum sem eru í gangi í félaginu.

b. Kosning fundarstjóra

Heiðdís leggur fram tillögu af hálfu stjórnarinnar að skipa Guðmund Ingason (GI) sem fundarstjóra og var það samþykkt.

c. Kosning ritara

(GI): Kosning ritara, Árnýjar Guðmundsdóttur samþykkt.

d. Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta almanaksár lagðir fram til samþykktar

(Jón Rafnar frá Deloitte): ársreikningarnir eru endurskoðaðir og undirritaðir.

- Ársreikningur kynntur og samþykktur án athugasemda.

e. Formaður les skýrslu stjórnar frá tímabili síðasta aðalfundar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar sem sýnd var á skjá.

f. Umræður um skýrslu stjórnar

Júlía spyr um tvennt, annars vegar vegna fjarskiptatúlk, skype er ekki nógu öruggt varðandi persónuvernd. Er einhver önnur tækni sem hægt er að nota? Í Evrópu er verið að vinna með þetta. Hitt er neyðarlína, hver ber ábyrgð á að fylgjast með túlkunum sem eru á lista þar?

(HDE): Með fjarskiptatúlkun, við þurfum fyrst að fá í gegn staðfestingu á rétt okkar á aðgengi að fjarskiptatúlk, sem sagt fá lög samþykkt sem styðja og tryggja að við njótum réttinda og að því loknu er hægt að fara í aðrar útfærslur t.d tæknina. Varðandi túlkamálin hjá neyðarlínu þá ber hver túlkabjónustu ábyrgð á að tryggja umsjónarmann sem er ábyrgur fyrir lista þeirra túlka sem eru tilbúnir í útkall.

(GI): Mínútuþögn til að heiðra minningu látinna félaga.

Skýrslan samþykkt.

g. Bornar upp tillögur er fyrir fundinn hafa verið lagðar.

(GI): Magnús Sverrisson er með tillögu sem hann vill leggja fyrir fundinn.

Tillagan hans sett upp á skjá.

(MS): Tillaga númer 1 er um sögusafn sem Magnús biður Guðmund um að fara í gegnum.

(HDE): stjórnin hefur rætt tillöguna og tekið til skoðunar og ætlum að athuga hvort styrkir fáist fyrir verkefnið.

(GI): umræður?

(JGH): þetta er frábær hugmynd og merkileg en ríkið ætti að borga fyrir svona safn – við ættum ekki að þurfa að selja happdrætti og annað til að koma svona á laggirnar. Það ætti að ráða fagmanneskju til að sjá um skipulag á svona safni.

(GI): Tillaga 2 sett á tjald, hún er um samráðsvettvang fyrir döff þar sem hægt væri að hittast og ræða málefni fyrir aðalfund. Hafa 1-3 svona fundi á ári. Stjórnin tekur þetta til skoðunar.

(GI): Tillögur frá stjórninni varðandi auglýsingar á heimasíðu, Fb síðu og í tölvupósti til félagsmanna. Formaður kynnir.

(HDE): Stjórn vill leggja fyrir aðalfund hlutverk þessara síðna og tölvupóst varðandi persónuvernd. Við fáum oft beiðnir frá fyrirtækjum og félagasamtökum um að senda auglýsingar til félagsmanna sem sumir vilja fá en aðrir ekki. Tillaga stjórnar er að hlutverk heimasíðunnar er að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins, vinningsnúmer í happdrætti, viðburði, málefni sem varða táknmál og döff, menningur og rekstur félagsins og fréttir sem tengjast döff og málefnum þeirra. Döff blaðið er fræðslu-, skemmti- og menningarblað sem er kostað með auglýsingum. Stjórn leggur til að þetta verði rætt hér.

(RGM): Ég vil gjarnan spyrja varðandi kirkjuna sem sendir oft sms, margir pirrast á því, mér finnst það allt í lagi – en tillögurnar finnast mér góðar.

h. Kosning til varaformanns, eins aðalstjórnarmanns og tveggja annarra varastjórnarmanna.

Kosning varaformanns:

Hjördís Anna er núverandi varaformaður býður sig áfram. Hún er kosin án mótframboðs. Samþykkt án athugasemda.

Kosning eins aðalstjórnarmanns:

(GI): Þórður býður sig áfram sem aðalmaður í stjórn. Samþykkt án athugasemda.

Kosning tveggja varastjórnarmanna:

Kosning varamanna, Kristinn Diego bauð sig fram og var samþykkt án athugasemda.

Óskað var framboðs úr sal í stöðu 2. varamanns. Sindri Jóhannson bauð sig fram og var samþykktur án athugasemda.

(GI): Ingibjörg Andrésdóttir (Didda) vill aðeins spyrja um stjórnina

(IA): Eru báðir varamennirnir hættir sem voru kosnir fyrir tveimur árum?

(HDE): Í lögum félagsins segir 8. gr í c liði – þeir sem vilja bjóða sig fram verði að senda inn framboð fyrir fund. Áður voru Hanna Lára Ólafsdóttir og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir (Magga) en hvorug þeirra buðu sig fram til áframhaldandi setu og við þökkum þeim fyrir setu þeirra í varamannasæti.

i. Tillögur til lagabreytinga ef fyrir liggja

(GI): Tillögur til lagabreytinga, Magnús Sverrisson er með tvær tillögur sem eru settar upp á skjá. Fyrsta tillaga varðar að opinbera laun starfsmanna FH. (HDE): Tillagan stenst ekki lög.

(GI): Önnur tillagan er sundurliðun kostnaðar.

(HDE): Í ársreikningum er tilgreint hvað hvert verkefni kostar.

(GI): Síðasta tillaga er að allt bókhald og ársreikningar eigi að vera gegnsæir og öllum spurningum svarað.

(HDE): Ársreikningar voru lagðir fram í dag og eru eins skýrir og hægt er. Við erum með alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki sem vinnur reikningana og leggur þá fram til samþykktar. Skyldan er að vera með löggiltan endurskoðanda sem við erum með.

Magnús sáttur við svör og engar athugasemdir.

(GI)Viðbót frá Magnúsi. Ein tillaga fyrir ársskýrslu varðar starfsmenn félagsins, nöfn þeirra ættu að koma fram í ársskýrslu og hvaða verkefnum þeir sinni.

(HDE): í lögum félagsins kemur ekkert fram að þetta þurfi, en það kemur fram í ársskýrslu skrifstofunnar. Í skýrslu stjórnar er sjónum beint að hagsmunabaráttunni.

(GI): Frá Magnúsi kemur að formaður eigi ekki að vera starfsmaður félagsins.

(HAH): Hér á skrifstofunni eru ráðnir starfsmenn en formaðurinn er kosinn á aðalfundi og vinnur hann á skrifstofunni sem formaður félagsins.

j. Ákvörðun félagsgjalds

(GI): Tillaga lögð fram að félagsgjöld verði óbreytt kr. 4.000 á ári. Samþykkt án athugasemda.

k. Önnur mál

(HDE): Stefnumótun félagsins 2020-2025. Félagið fékk starfsmenn og félagsmenn í vinnuhóp og niðurstöður vinnunnar verða birtar á heimasíðunni okkar, hverri tillögu fylgja margar lausnir. Glærum varpað á skjá. Stefnumótunin kynnt og heildar gögn stefnumótunarinnar, glæurnar og PDF skjöl verða sett inn á heimasíðu félagsins. Stefnumótun er leiðarljós félagsins sem við munum stefna að. Árið 2025 er ekki markmið að athuga hverju við náðum ekki, heldur stefnum við að þessu.

(HDE): Kjörnefnd félagsins, samkvæmt lögum á að vera kjörnefnd til að fá fólk í framboð til stjórnar og önnur kjörin embætti. Þetta væri unnið í samstarfi við stjórn – nú er enginn í kjörnefnd, við þurfum fólk í allar stöður. Eru einhverjir 2-3 til í smá vinnu ca 2-3 mánuðum fyrir aðalfund til að smala fólk í framboð. Einhverjir sem hafa áhuga? Ef enginn vill taka keflið heldur stjórnin áfram, Esra Mordekai og Júlía buðu sig fram. Samþykkt án athugasemda.

(HDE): Menntunarsjóður, samkvæmt lögum eiga að vera þrír meðlimir í stjórn, tveir frá FH og einn frá SHH, Árný frá SHH og Heiðdís frá FH. Sigga Vala og María Jonný buðu sig fram fyrir hönd FH. Samþykkt án athugasemda.

(HDE): Bjargarsjóður, það sama gildir um þennan sjóð og Menntunarsjóðinn, það hefur gengið vel að hafa sama fólk í báðum stjórnnum og fundir eru afgreiddir samtímis. Samþykktu Sigga Vala og María það og engar athugasemdir.

(HDE): Þetta er samvinna þriggja stjórnarmanna, undanfarið höfum við oftast fundað rafrænt og það hefur gengið vel, en þið ákveðið hvað þið viljið gera.

(HDE): Fyrst við erum öll hér vil ég ræða dag döff – vegna COVID verður ekki mikið um uppákomur, en 25. sept ætlar SHH að gróðursetja tré í táknmálslund í Heiðmörk sem þau gáfu félaginu á 60 ára afmælinu, við hjá félaginu viljum gefa SHH plöntur vegna væntanlegs 30 ára afmælis þeirra. Allir velkomnir.

Júlía er með nokkrar spurningar. 1. Ætlar félagið að vinna eitthvað í því að fá Menntamálastofnun til að sinna framleiðslu táknmálsefni eins og ráðherra hefur lofað. 2. Grunnskólar hafa boðið nemendum upp á að læra táknmál, hvernig er með táknmálskennslu fyrir döff börn, móðurmálskennslu strax í fyrsta bekk. Það er mjög alvarlegt að döff börn fái ekki móðurmálskennslu og málfræðikennslu í sínu móðurmáli sem

styður þau við að læra önnur tungumál. Heyrandi börn læra íslensku, sem skyldufag. Það er ekki afsökun að ekki sé pláss í stundatöflu barnanna. 3. SHH verður 30 ára um áramót, Félagið er mjög mikilvægt fyrir SHH. Við þurfum góða samvinnu á milli aðilanna, því félagið hjálpar SHH í réttindabaráttunni. Lög SHH eru gömul, það þarf að endurskoða þau – hefur það verið skoðað?

María Jonný Jóhannsdóttir er með 4 spurningar, 1. Varðandi 112 appið, ég fékk bráðaofnæmiskast í sumar, fór á slysó og það um túlk sem kom ekki – hvað er hægt að gera betur? 2. Varðandi félagslega sjóðinn, ef það er ekki laus túlkur á SHH vil ég panta túlka annars staðar frá sem hafa þá ekki aðgang að sjóðnum. 3. Varðandi myndsímatúlkun, það er oft mjög löng bið fyrstu daga mánaðar, því þyrftu að vera fleiri túlkar að sinna símatúlkun. 5. Væri gott að hafa upplýsingar á veggnum frammi varðandi leiguna á salnum svo maður viti hvernig því er háttað.

Heiðdís svarar: Námsefnisgerð, táknmál sem val, það er allt í vinnslu vegna málstefnunnar, þegar hún verður til getum við séð hvar þarf að gera betur. Það verður málþing í nóvember þar sem við ræðum þetta betur. Námsefni, kennsla, túlkun í sjónvarpi og fleira. Ef mistök verða vegna þöntunar á túlk þarf að láta okkur vita svo við getum unnið í því. Félagslegi sjóðurinn – lög og reglugerðir SHH eru gamlar, en það er verið að vinna í endurskoðun og við vitum af þessu vandamáli.

Myndsímatúlkun og álag í byrjun mánaðar, við þurfum að leysa þetta, kannski með fleiri túlkum, en mestu máli skiptir að endurskoða lögin. Leigan á salnum, við tökum þetta til skoðunar með að hafa upplýsingar sýnilegar.

Ragna Guðrún Magnúsdóttir spyr stjórnina, sumarbústaðurinn var seldur fyrir löngu og ég vil spurja aftur eins og í fyrra varðandi söluna á sumarhúsinu, eruð þið með svör?

(HDE): Sumarbústaðurinn var fyrir löngu seldur með öllu innbúi. Döff sjóðurinn var settur á til tilraunar í 3 ár og lauk sínum líftíma, ef vilji er fyrir því að endurvekja það þarf að leggja það fram.

Kristinn Diego: Ég hef lengi velt fyrir mér, félagið er alltaf kallað döff félag, en ekki félag heyrnarlausra. Í Bandaríkjunum er notað Deaf með stóru D fyrir táknmálstalandi fólk, lítið d fyrir þá sem eru heyrnarskertir. Mér finnst orðið heyrnarlausir ekki passa, við erum öll döff – við ákveðum ekkert núna varðandi þetta, en kannski getum við breytt nafni félagsins í Döff félag. Þetta félag er fyrir táknmálstalandi fólk, döff, það skiptir ekki máli hvað við heyrum mikið.

Hjördís Anna: Það er eitt sem ég verð að segja við ykkur félagsmenn, þið sem eigið félagið. Þið greiðið ársgjald og mætið á aðalfund. Því finnst mér mikilvægt að þið vitið hvað er í gangi. Heiðdís fjallaði um í skýrslu

sinni um mikilvægi þess að koma á lögum vegna Póst og fjarskiptastofnunnar og samstarf okkar við ráðuneyti. Félagsmenn sem eru ekki í stjórn hafa farið á fund hjá samgönguráðuneyti þó að stjórnin sé í samstarfi við ráðuneytin. Hér á að vera virðing og samstarf. Ég segi ekki hverjir gerðu þetta. Þessi framkoma vinnur á móti okkar starfi og getur komið í veg fyrir að margra ára vinna komist í gegn. Félagsmenn sem fara á bak við stjórn í samstarf við ráðuneyti skemma margra ára vinnu okkar – talið frekar við okkur heldur en að fara í svona á bak við okkur. Þetta eru ekki rétt vinnubrögð.

Síðastur er Jan Fiurasek. Þetta er eins um allan heim, félagið þarf að vera rödd okkar og allt að fara í gegnum stjórnina. Sum einkafyrirtæki í Evrópu hafa gert það sama, en svona framkoma eyðir peningum og tíma. Það er betra að vinna saman. Við erum einn hópur og við þurfum að ræða saman og leggja málin sameiginlega fram. Fólk fær nóg ef það koma einstalingar á eigin vegum. Þetta er einfalt og skýrt. Við þurfum að fá þessi lög um fjarskipti í gegn og ekki eyða peningum og tíma í annað. Heiðdís formaður slítur aðalfundi og þakkar fundarstjóra, fundarritara og túlkum fyrir vel unnin störf og félagsmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið 19:09.